

Nd.

171. Breytingartillögur

við frv. til laga um kartöflukjalla og markaðsskála (þskj. 92).

Frá Halldóri Stefánssyni.

I. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa á lóð rikissjóðs á hentugum stað í Reykjavík geymslu- og markaðsskála fyrir garðávexti og grænmeti, sem framleitt er í landinu og ætlað til sölu innanlands. Stærð skálans sé miðuð við það, að hann rúmi til geymslu allt að 6000 tn. af garðávöxtum.

Að öðru leyti skal byggingu skálans hagað svo, að hann veiti sem bezta aðstöðu til, að þar geti farið fram sala með markaðssniði á islenskum framleiðsluvörum.

Til að reisa byggingu þessa má verja allt að 40000 kr.

II. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Pegar skálinn er fullgerður, skal hann leigður til þeirra nota, sem segir í 1. gr., framleiðendum islenskrar markaðsvöru, er samtök hafa um sölu á framleiðsluvörum sínum.

III. Við 3. gr. Greinin falli niður.

IV. Við 4. gr., er verður 3. gr. Greinin orðist svo:

Atvinnumálaráðherra setur, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, nánari ákvæði um notkun og startrækslu skálans, og semur um leigu fyrir afnot hans.

V. Við 5. gr., er verður 4. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt er ríkisstjórninni að selja skálann, rikissjóði að skaðlausu, samlagi eða samvinnufélagi garðmetisframleiðenda, ef slíkur félagsskapur æskir kaupanna og setur tryggingar, sem stjórnin metur gildar. Þó skal sala skálans bundin því skilyrði, að eigendur islenskra framleiðsluvara, þótt eigi séu í slíkum félagsskap, megi hafa þar vörur sínar á boðstólum, að því leyti sem rúm leyfir, með leigumála, er atvinnumálaráðherra samþykkir.

VI. Við 6. gr. Greinin verði 5. gr.

VII. Við ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir »kjallara« á fyrra stað komi: skála.

VIII. Fyrirsögn frv. verði:

Frv. til laga um geymslu- og markaðsskála fyrir islenskar framleiðsluvörur.